

Nr. 15.
18.
septbr.

Lög

um

lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaða prestakalli í
Húnavatnsprófastsdæmi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

200 króna gjald það, sem greiða skal árlega í landssjóð frá Höskuldsstaða presta-
kalli í Húnavatnsprófastsdæmi samkvæmt lögum 4. nóvember 1881 um breyting á 1. gr
í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, fellur niður.

2. gr.

Sá hluti eptirlaunanna til hins núverandi uppgjafaprests í hinu fyrverandi Höskulds-
staða prestakalli, er greiða skal af tekjum brauðsins samkvæmt lögum um eptirlaun presta
27. febrúar 1880 6. gr., skal greiðast úr landssjóði frá fardögum 1891.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 18. septbr. 1891.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

LovNr. 15.
18de
Septbr.

om

Lettelse i de Høstfuldstadirs Præstefald i Sunavatus Provsti paahvilende
Ydelsler.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Allhinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Den Høstfuldstadirs Præstefald i Sunavatus Provsti ifølge Lov af 4de November 1881 om Forandring i § 1 i Lov af 27de Februar 1880 om Omordning af Præstefald paahvilende Indbetaling af 200 Kr. aarlig til Landskassen bortfalder.

§ 2

Den Pensionsandel til den nuværende Emeritpræst i det forrige Høstfuldstadirs Præstefald, som ifølge Lov om Præsters Pension af 27de Februar 1880 § 6 skal svares af dettes Indtægter, udredes fra Fardag 1891 at regne af Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 18de September. 1891.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.